

## Álit

um till. til þál. um millilandaflug um Ísafjarðarflugvöll.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

28. mál

Með erindi dagsettu 10. febrúar 2011 óskaði formaður samgöngunefndar Alþingis eftir umsögn Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Ísafjarðarflugvöll. Íslandsdeild hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Vestnorræna ráðið er helsta samstarfsstofnun vestnorrænu ríkjanna þriggja, Íslands, Færeyja og Grænlands. Markmið ráðsins er að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins og fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda, auka samstarf innan norrænnar samvinnu og vera þingræðislegur tengiliður milli samvinnuaðila á Vestur-Norðurlöndum og annarra fjölbjóðlegra hagsmunahópa og ríkjasamtaka.

Bættar samgöngur milli Vestur-Norðurlanda hafa verið ráðinu hugleiknar undanfarin ár enda eru þær mikilvæg forsenda aukinna samskipta milli landanna. Á ársfundi sínum í Tasiilaq á Grænlandi á síðasta ári skoraði ráðið til að mynda á ríkisstjórnir vestnorrænu landanna að hefja endurskoðun á fyrirkomulagi fraktflutninga við austurströnd Grænlands til að hægt verði að flytja þangað vistir frá Íslandi og hefur grænenska landsþingið samþykkt tillögu sama efnis. Þá hvatti ráðið einnig til að tillögur yrðu unnar til eflingar innviða flug- og sjósamgangna á milli Vestur-Norðurlandanna í þágu aukins samtarfs á sviði ýmiss konar viðskipta og þjónustu auk vöru- og farþegaflutninga á milli landanna.

Samskipti Íslands og Grænlands hafa eflst mjög á síðustu árum með auknu pólitísku samráði og vaxandi viðskiptum. Í tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, sem nú liggur fyrir Alþingi, er sérstaklega vikið að mikilvægi þess að styrkja og auka samstarf við Færeyjar og Grænland, ekki síst í ljósi aukinna efnahagslegra umsvifa á Grænlandi í tengslum við fyrirhugaða náma- og olíuvinnslu. Margvíslegar hugmyndir hafa verið settar fram um tengsl milli Vestfjarða og austurstrandar Grænlands í þessu sambandi og lúta þær að vöruflutningum og þjónustu, þar með talið heilbrigðisþjónustu, í tengslum við námavinnslu, rannsóknarleiðangra og ferðamennsku, samvinnu á sviði menningar- og menntamála og fleira mætti telja.

Ljóst er að aukning á flugsamgöngum milli Íslands og Grænlands undanfarin ár hefur átt sinn þátt í auknum samskiptum landanna og m.a. stuðlað að aukinni ferðamennsku á Grænlandi. Vaxandi umsvif verslunar gefa sterka vísbendingu um þá möguleika sem til staðar eru í samskiptum landanna. Íslandsdeild telur ljóst að ef unnt verður að koma á millilandaflugi frá Ísafjarðarflugvelli mundi það stórauka bæði vöruflutninga og þjónustu milli Íslands og austurstrandar Grænlands og hafa mikla þýðingu fyrir byggðarlögin á austurströnd Grænlands, Vestfirði, og vestnorrænt samstarf í heild sinni.

Þingsályktunartillagan er því í góðu samhengi við stefnumörkun og áherslur sem lagðar hafa verið fram í Vestnorræna ráðinu um samskipti milli vestnorrænu landanna og tekur

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins heilshugar undir þau markmið og rökstuðning sem þar koma fram.

Ólína Þorvarðardóttir, formaður  
Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaformaður  
Ásmundur Einar Daðason  
Sigurður Ingi Jóhannsson